

# Fluren 39 Desinfection

## Vörulýsing

Hreinsibykki til að nota innanhúss. Efnið fjarlægir bakteríu og myglusvepp í rakamiklum rýmum sem og í kælitækjum. Einnig hægt að nota til að ná slæmri lykt úr fatnaði.

- Virkar gegn myglusvepp og bakteríum
- Fjarlægir slæma lykt úr fatnaði
- Virkar vel á rafmagnun í fatnaði

## Notkunarmöguleikar

Í kjöllum og öðrum rökum rýmum.

Í eldhúsinu getur efnið nýst á ísskaápa, frystikistur, eldavélar, hnífa og vinnuborð.

Á baðherberginu er efnið t.d. hentugt fyrir vaskinn, baðkarið og sturtuhausinn.

Einnig er hægt að leggja sturtuhengið í bleyti.

Fatnað og skó sem lykta illa má leggja í bleyti.

Efnið getur einnig nýst til að hreingera ýmislegt sem snýr að dýrahaldi, t.d. hunda- katta- og fuglabúr og matarílát fyrir gæludýr.



## Meðhöndlun

Hreingerið flötinn með vatni og hreinsiefni.

Blandið efnið með vatni í hlutföllunum 1:4 (líter af Fluren 39 út í 4 lítra af vatni). Berið á með klút, svampi eða bursta og leyfið efninu að vinna í 5 mínútur áður en þurrkað er yfir með undinni tusku eða klút. Ef leggja á fatnað eða skó í bleyti þá skal leyfa að liggja í ca. 30 mínútur og skola svo á eftir með hreinu vatni. Að því loknu skal setja fötin eða skóna í þvottavél og þvo eins og venja er.

## Ábendingar

Þegar lagt er í bleyti eða efnið borið á fleti sem komast í beina snertingu við matvæli skal ævinlega skola vel á eftir með hreinu vatni.

Fluren 39 bleikir ekki litheld textílefni.

Ef þú ert í vafa um hvort efnið sem á að hreinsa er lithelt er gott að gera prufu á lítið áberandi stað.

**Geymsla:** Geymist á köldum en frostlausum stað.

## Tæknilegar upplýsingar

Vara	Hreinsiefni
Eðlisþyngd (kg/l)	1,0
pH gildi	8
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

## Núverandi TDS útgáfa

júní 2020

